FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
35. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —
FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR 2017

# Lykilmaður hjá Icelandair seldi bréf fyrir 130 milljónir

**Framkvæmdastjóri hjá Icelandair Group seldi hlutabréf í fyrirtækinu í byrjun september. Markaðsvirði bréfanna hefur síðan þá lækkað um 40 prósent. Þremur vikum síðar seldi stjórnarmaður í félaginu.**

**VIÐSKIPTI** Magnús Kr. Ingason, lykilstarfsmaður hjá Icelandair Group, seldi fimm milljónir hluta í flugfélaginu í byrjun september síðastliðnum. Markaðsvirði hlutabréfanna var þá á bilinu 129 til 133 milljónir króna. Bréfin höfðu þá lækkað að virði um 30 prósent frá því apríl í fyrra en við lokun markaða í gær fallið um 40 prósent síðan Magnús seldi í september.

Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair Group seldi Magnús, sem er framkvæmdastjóri Fjárvakurs, dótturfélags Icelandair Group, og einn af átta manna framkvæmdastjórateymi félagsins, bréfin dagana 5. til 7. september. Viðskiptin voru tilkynnt til regluvarðar Icelandair sem upplýsti Fjármálaeftirlitið (FME) um þau. Þar sem Magnús telst ekki fruminnherji voru þau ekki flögguð í Kauphöll Íslands. Ekki fengust upplýsingar hjá Icelandair Group um hvort æðstu stjórnendur félagsins hefðu óskað eftir skýringum á sölunni. Magnús segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins að hann telji ekki við hæfi að ræða persónuleg fjármál við fjölmiðla.

Samkvæmt ársreikningi Icelandair Group, sem fyrirtækið kynnti eftir lokun markaða á þriðjudag, áttu átta framkvæmdastjórar þess og fjármálastjórinn Bogi Nils Bogason alls 6,1 milljón hluta í flugfélaginu í árslok 2015. Ári síðar hafði talan lækkað niður í 1,1 milljón hluta. Samkvæmt svari fyrirtækisins er því ljóst að enginn annar framkvæmdastjóri seldi bréf á árinu.

Kauphöll Íslands barst aftur á móti tilkynning um sölu Katrínar Olgu Jóhannesdóttur, stjórnarmanns í Icelandair Group, á 400.000 hlutum í flugfélaginu. Viðskiptin áttu sér stað, líkt og áður hefur komið fram, 30. september eða rúmum þremur vikum eftir að Magnús seldi. Markaðsverðmæti bréfa Katrínar Olgu nam 9,6 milljónum króna og vöktu viðskiptin mikla athygli þar sem þau áttu sér stað á síðasta viðskiptadegi þriðja ársfjórðungs. haraldur@frettabladid.is / hordur@frettabladid.is

**40%**

**lækkun hefur orðið á verði bréfa síðan Magnús seldi í september síðastliðnum.**

**» Viðskiptin voru tilkynnt til regluvarðar Icelandair sem upplýsti Fjármálaeftirlitið um þau.**







Þessi tæplega þriggja ára stúlka, Regine, var á mótmælum No Borders á Austurvelli í gær. Pabbi hennar, sem er frá Senegal, segir að þau foreldrarnir hafi búið á Íslandi í þrjú ár og fjóra mánuði. Stúlkan er því fædd á Íslandi. Samt hafa þau fengið skilaboð frá Útlendingastofnun um að yfirgefa landið á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hlutverk presta minnki

**ALÞINGI** Sex þingmenn Vinstri grænna og Pírata hafa lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að fela dómsmálaráðherra að flytja hjónavígsluréttindi og skráningu nafngifta alfarið til borgaralegra embættismanna. Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri græn, er fyrsti flutningsmaður.

Í gegnum tíðina hafa slík verk fallið innan verksviðs presta þjóðkirkjunnar, fríkirkjusafnaða og forystufólks annarra trúfélaga. Með breytingunni er lagt til að ætíð þurfi að leita til embættismanna til að fá vígslu eða skrá nöfn ungbarna. Hverjum og einum sé heimilt að fá blessun trúfélags æski hann þess en slíkur gjörningur hefði eigi lagalegt gildi.

„Sú óvissa sem ríkir um „samviskufrelsi“ presta er óþægileg fyrir samkynja pör og aðstandendur þeirra, auk þess sem hún stríðir gegn hugmyndum fjölda fólks um jafnan rétt til þjónustu opinberra embættismanna og vernd borgaranna gegn mismunun,“ segir í greinargerð með ályktuninni.

Til að breytingin nái fram að ganga þarf að gera breytingar á fjölda laga, þar á meðal hjúskaparog mannanafnalögum. Lagt er til að vinnu við breytingarnar verði lokið fyrir 1. október 2017. – jóe



**Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna**

## Enn er deilt um kjör sjómanna

**KJARAMÁL** Fulltrúar sjómanna og útgerðarinnar funduðu í gær hjá ríkissáttasemjara til að reyna koma samningaviðræðum á fullt stím. Fundurinn stóð yfir í tvær klukkustundir og var árangurslaus.

Verkfall sjómanna hefur nú staðið yfir í átta vikur og ekki sér fyrir endann á því. Fundurinn í gær var sá fyrsti í viku.

Bæði Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, og Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, segja að lítið sem ekkert hafi þokast í gær.

Bryndís Hlöðvesdóttir ríkissáttasemjari tók í sama streng. Að hennar mati er ekki unnt að leggja fram málamiðlunartillögu þar sem enginn samningsgrundvöllur sé til staðar.

Ekki hefur verið boðað til nýs fundar í deilunni. – jóe

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Hjartagangráður var græddur í tíkina Öskubusku í vikunni. Slík aðgerð hefur ekki áður verið gerð á ferfætlingi á Íslandi. 2

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um fordæmalausa fordóma. 11

**SPORT** Bæði landsliðin á topp 20 lista FIFA. 12

**TÍMAMÓT** Undirbúa tónlistarveislu sem byggð er á Hringadróttinssögu. 13

**LÍFIÐ** Elna María Tómasdóttir deilir uppskrift að drykknum sem tryggði henni sigur á Íslandsmóti barþjóna. 22

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta



## Veður




Suðlæg átt, víða 3-8 m/s og úrkomulítið, en suðvestan 8-18 seinnipartinn, hvassast norðvestan til á landinu. Dálítil slydda og síðar rigning um landið vestanvert, en þurrt og bjart veður norðaustan- og austanlands. SJÁ SÍÐU 18



**Bjarni Benediktsson á Viðskiptaþingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýr sjóður fyrir arð af auðlindum

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hefur skipað sérfræðingahóp um stofnun stöðugleikasjóðs. Hópinn skipa þau Ingimundur Friðriksson hagfræðingur, Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur og Erlendur Magnússon fjárfestir.

Kveðið er á um stofnun slíks sjóðs í stjórnarsáttmálanum. Þar segir að sjóðurinn eigi að halda utan um arð af orkuauðlindum í eigu ríkissjóðs, tryggja komandi kynslóðum hlutdeild í ávinningi af sameiginlegum auðlindum og geta verið sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið.

Gert er ráð fyrir að stöðugleikasjóður verði fjármagnaður með fjárhagslegum arði ríkisins af orkuauðlindum. Þá telur forsætisráðherra að meta þurfi hvort til sjóðsins yrðu lagðar aðrar fjárhagslegar eignir, svo sem fjármunir sem varðveittir eru í gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands. – **jhh**

**Meta á hvort leggja eigi til sjóðsins aðrar fjárhagslegar eignir, svo sem fjármuni sem varðveittir eru í gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands.**

## Biðin á enda



Miklar annir voru við Silfru í gær því óvenjumargir voru mættir til að kafa í gjánni eftir óveðrið í fyrradag. Spenntur ferðamaður frá Singapúr sagðist vera búinn að bíða eftir þessu augnabliki í heilt ár og að upplifunin yrði örugglega hápunkturinn á Íslandsheimsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Líkfundur á Selfossi

**LÖGREGLUMÁL** Börn gengu fram á lík á lóð við Heiðarveg á Selfossi í gær. Talið er að það sé af erlendum manni sem var búsettur á Selfossi. Ekki er vitað hve lengi líkið hafði legið á lóðinni en talið er að það séu að minnsta kosti nokkrir dagar.

Litlar líkur eru taldar á því að eitthvað saknæmt hafi átt sér stað. Dánarorsök er óþekkt en mun liggja fyrir að lokinni krufningu.

Lögreglumenn frá lögreglunni á Suðurlandi, tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sérfræðingar kennslanefndar ríkislögreglustjóra voru kallaðir á vettvang vegna málsins. Vinnu þeirra lauk síðdegis í gær.

Það voru börn sem gengu fram á líkið á lóðinni en hún hefur staðið húslaus í nokkurn tíma. Börnunum var boðin áfallahjálp vegna málsins. – **jóe**

# Fyrsti gangráðurinn græddur í ferfætling

**Tíkin Öskubuska gekkst undir aðgerð í vikunni þar sem hjartagangráður var græddur í hana. Aðgerðin tókst vel og fór Öskubuska í göngutúr í gær, svolítið aum en hress og kát. Þetta var í fyrsta sinn sem svona aðgerð er gerð hér á landi.**

**DÝR** Hjartagangráð var komið fyrir í hundinum Öskubusku í vikunni og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert hér á landi. Rúna Þórisdóttir er eigandi Busku, eins og hún er jafnan kölluð, en eiginmaður hennar er Hjörtur Oddsson hjartalæknir. „Það var að líða reglulega yfir hundinn og hún hefði dáið hefðum við ekki framkvæmt þessa aðgerð,“ segir Hjörtur en skömmu eftir áramót fór að bera á þessum kvilla.

Stórt teymi kom að aðgerðinni og unnu læknarnir aðgerðina í sjálfboðavinnu. Alls tók þetta um þrjár klukkustundir en aðgerðin sjálf rúman klukkutíma.

„Aðgerðin virðist hafa gengið vel. Busku líður vel en hún er að sjálfsögðu aum eins og við var að búast. Hún hefur farið út í göngutúr og er öll að braggast,“ segir hann og bætir við að svona aðgerðir séu sjaldan gerðar í Evrópu þótt hann viti til að þetta hafi verið gert í Svíþjóð. Svona aðgerðir eru algengari í Bandaríkjunum.

Buska var með það sem kallað er hægtaktur á hjartanu en þá virkar leiðslukerfið ekki sem skyldi. Á fagmáli kallast svona „þriðju gráðu block“ og lýsti sér þannig að hjartslátturinn var orðinn alltof hægur. Þetta er vel þekkt vandamál í manneskjum og þá er oftast settur gangráður í viðkomandi en þetta er í fyrsta sinn sem svona aðgerð er gerð á ferfætlingi.

Buska er rúmlega þriggja ára íslenskur hundur.

Fyrir utan Hjört voru þeir Felix Valsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir, og hjartaskurðlæknirinn Gunnar Mýrdal viðstaddir aðgerðina auk dýralæknanna Jakobínu Sigvaldadóttur, Hönnu Arnórsdóttur og Agnesar Helgu Martin. Byrjað var á því að svæfa Busku og hún síðan rökuð. Næst var stungið á stóra hálsæð, vír settur niður í hjartað og gangráðurinn festur á kambinn. Hjörtur stóð straum af kostnaðinum og gerðu hinir læknarnir aðgerðina í frítíma sínum. „Með aðgerðinni björguðum við hundinum,“ segir Hjörtur.

benediktboas@365.is



**Hjörtur búinn að gera allt klárt á skurðarborðinu þar sem Öskubuska lá. Sjálf aðgerðin tók rúman klukkutíma og komu fjölmargir að henni.** MYNDIR/FELIX VALSSON



**Buska með eiganda sínum, Rúnu, eftir aðgerðina.**

**Hún hefði dáið hefðum við ekki framkvæmt þessa aðgerð.**

Hjörtur Oddsson hjartalæknir




RENAULT
Passion for life

# NÝR TALISMAN
## FLAGGSKIPIÐ Í FJÖLSKYLDUNNI




ENNEMM / SÍA / NM79769

## NÝR RENAULT TALISMAN
### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fáanlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólastýringu.

## VERÐ FRÁ: 3.990.000 KR.

**Staðalbúnaður í Expression útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

**Aukalega í Dynamic útfærslu:** 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaust aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.
**130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 5.190.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Æskilegt að rannsaka lífsýni hér á landi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu bíður enn niðurstöðu úr rannsókn á lífsýnum af fatnaði og öðrum munum sem hald var lagt á í tengslum við hvarfið á Birnu Brjánsdóttur.

Sýnin voru send utan til rannsóknar fyrir þremur vikum. Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kári Stefánsson, hefur talað fyrir því að slíkar rannsóknir ætti að gera hér á landi enda sé bæði þekking og tækjabúnaður til staðar svo hægt væri að reka slíka rannsóknarstofu.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að vissulega væri betra ef niðurstöður lífsýna lægju fyrir í málinu. „Það væri heppilegt að geta gert þetta eins hratt og mögulegt er. Hins vegar vil ég benda á að við fengum mjög hraða afgreiðslu á fyrstu sýnum. Ég tek samt alveg undir að það væri mjög heppilegt ef hægt væri að gera þetta á Íslandi. Að ég tali nú ekki um ef þekkingin er fyrir hendi, að þá sé reynt að koma málum þannig fyrir að þetta sé hægt.“

Lögreglan er búin að fara yfir öll sönnunargögn í málinu og undirbýr nú gagnapakka sem hægt verður að senda til héraðssaksóknara. Skipverjinn, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í þrjár vikur grunaður um að hafa banað Birnu, hefur ekki játað aðild að málinu.

„Mér finnst ekkert útilokað að það komi einhvern tímann fram játning. Kannski ber manni að tala varlega um þetta en við trúum því að gögn málsins bendi til þess að maðurinn sem við höfum í haldi hafi gerst sekur um þetta ódæði. Engu að síður getum við ekki heimtað játningu. Það er réttur hvers grunaðs manns að tjá sig ekki,“ segir Grímur. **– snæ**




**Grímur Grímsson stýrir rannsókn á morðinu á Birnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Norðmenn eru hvattir til að borða meira lambakjöt.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þúsundir tonna af kjöti á lager

**NOREGUR** Yfir 3.000 tonn af frystu lamba- og kindakjöti eru nú á lager í Noregi. Birgðirnar eru tvöfalt meiri en í fyrra og útlit er fyrir að þær aukist um 1.000 tonn í ár að því er segir í frétt norska ríkisútvarpsins.

Árið 2014 var skortur á lambakjöti í Noregi og var þá hafinn innflutningur. Bændur fengu styrki til að byggja stærri fjárhús. Framleiðslan var aukin um 2.000 tonn en neyslan jókst ekki í takti við það. Útflutningur á kjötinu er sagður afar lítill. **– ibs**

## 250 þúsund vegna handtöku

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða manni 250 þúsund krónur í bætur vegna ólögmætrar handtöku. Maðurinn hafði farið fram á sexfalt hærri bætur.

Maðurinn hafði ekið sendibifreið um götur í Reykjavík og var eltur af lögreglu án þess að stöðvunarmerki væri gefið. Þegar bíllinn staðnæmdist höfðu lögreglumenn afskipti af honum og ökumanninum en sá var ekki sáttur. Var hann handtekinn, færður á lögreglustöð en sleppt.

Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur féllst á bætur fyrir ólögmæta handtöku en féllst ekki á að slíku harðræði hefði verið beitt að maðurinn ætti rétt á bótum samkvæmt skaðabótalögum. **– jóe**

# Segir áhöfn Polar Amaroq hafa farið huldu höfði á Norðfirði

Vertinn á Hótel Hildibrand í Neskaupstað, Hákon Guðröðarson, bauð áhöfn Polar Amaroq í mat um mánaðamótin. Hann telur mikilvægt að sýna grænlenskum sjómönnum gestrisni. „Voru mjög ánægðir,“ segir skipstjórinn Halldór Jónasson.

**NESKAUPSTAÐUR** Eigandi Hótels Hildibrand í Neskaupstað bauð áhöfn grænlenska togarans Polar Amaroq til veislu þegar þeir komu til hafnar í Neskaupstað til löndunar. Eru skipverjar fastagestir á Hótel Hildibrand þegar þeir eru í landi í Neskaupstað.

„Þeir hafa alltaf komið til okkar en þegar þeir komu í land hingað um mánaðamótin voru þeir mjög til baka og fóru eiginlega huldu höfði í bænum eða héldu sig í skipinu,“ segir vertinn Hákon Guðröðarson. „Með þessu vildum við bjóða þá velkomna til okkar og undirstrika þann hlýhug sem við berum til þeirra. Þeir voru mjög ánægðir með matinn og þökkuðu fyrir sig með handabandi áður en þeir gengu aftur til vinnu.“

Skipið Polar Amaroq er grænlenskt fjölveiðiskip og er við leit að loðnu hér á landi ásamt vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar. Gert er ráð fyrir að skipið komi næst í land á Siglufirði með nokkuð mikið af loðnu.

Halldór Jónasson, einn skipstjórinn á Polar Amaroq, segir áhöfnina auðvitað hafa verið miður sín þegar fréttir bárust af máli Birnu Brjánsdóttur. Vonaði Halldór þó að það atvik myndi ekki hafa afleiðingar fyrir aðra Grænlendinga. „Við vorum auðvitað allir slegnir og þetta tekur mjög á. Við hins vegar höldum okkar striki. Okkar skip, Polar Amaroq, landar oft og iðulega hér á Íslandi og þetta eru frábærir strákar,“ segir Halldór.

Hákon vert á Hótel Hildibrand segir mikilvægt fyrir Íslendinga að taka vel á móti Grænlendingum. Það að bjóða þeim í mat hafi bara verið eðlilegur hluti af því að vera vinur vina sinna. Hann vildi sem minnst gera úr þessu góðverki. „Við kannski gerum okkur ekki grein fyrir því dagsdaglega hvað Grænlendingar hugsa hlýtt til okkar og bera mikla virðingu fyrir okkur Íslendingum. Því ættum við auðvitað að sýna þeim sömu virðingu til baka,“ segir Hákon. „Þeir verða að fá þá tilfinningu að þeir séu enn velkomnir hér á landi.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Áhöfn Polar Amaroq var ánægð með þær móttökur sem hún fékk þegar hún kom til Norðfjarðar.** MYND/HALLDÓR JÓNASSON

> En þegar þeir komu í land hingað um mánaðamótin voru þeir mjög til baka.
>
> Hákon Guðröðarson, eigandi Hótels Hildibrand



# Fengu 105 milljóna króna hækkanir

**SKATTUR** Fimm félög og þrír einstaklingar hafa á síðasta ári og það sem af er þessu ári óskað eftir að fá að leiðrétta skattskil sín vegna tekna og eigna á árunum 2010 til 2015. Óskirnar komu í kjölfar fyrirspurnar ríkisskattstjóra um inneignir þeirra og aflandsfélög.

Heildarupphæð skattahækkananna á tímabilinu nam 105.346.563 krónum, að því er Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri greinir frá.

Í fyrra höfðu 515 Norðmenn samband við skattayfirvöld til að greina frá því að þeir ættu fjármuni í felum erlendis, að því er norska ríkisútvarpið greinir frá. Haft er eftir skattrannsóknarstjóra eins af skattaumdæmum Noregs, Jan-Egil Kristiansen, að til viðbótar athyglinni sem afhjúpunin í tengslum við Panama-skjölin vakti sé fólk hrætt við að erlendir bankar veiti upplýsingar. Vegna nýrra samninga muni alþjóðlegir bankar gefa út skýrslur án þess að beðið sé um það.

Frá 2007 hafa tæplega 2.000 Norðmenn haft samband við skattayfirvöld til að greina frá eignum og tekjum erlendis. Þeir sem nýta sér griðareglur eiga hvorki viðbótarskatt né refsingu á hættu. Í frétt norska ríkisútvarpsins segir að séu menn í Panama-skjölunum og sæki um grið geti það verið of seint.

Svokallaðar griðareglur eru ekki í gildi hér á landi. Einstaklingar geta leiðrétt skattskil sín án þess að það hafi afleiðingar í för með sér en hækkun skatta að viðbættu álagi.

Það er mat Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra að æskilegt væri að fastar reglur giltu um hvenær leiðréttingar eru heimilar án frekari refsiviðurlaga og hvenær ekki. „Griðareglum er einmitt ætlað að setja slíka framkvæmd í fast horf.“ **– ibs**



**Í kjölfar fyrirspurnar ríkisskattstjóra um inneignir og stöðu aflandsfélaga óskuðu nokkrir eftir leiðréttingu á skattskilum. Myndin er frá Lúxemborg.**




AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bílson - VERKSTÆÐIÐ -
Klettháls 9 • Sími 568 1090

Klettháls 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

# RÝMINGARSALA

## HAGKAUP KRINGLUNNI 2. HÆÐ

## LOKUM 20.FEBRÚAR

# 30%

AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM FATNAÐI, LEIKFÖNGUM OG BÚSÁHÖLDUM

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Greiðir ríkinu 13 milljarða

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hagnaðist um 16,6 milljarða króna eftir skatta á síðasta ári samkvæmt ársuppgjöri sem var kynnt í dag, en hagnaður bankans á árinu 2015 nam 36,5 milljörðum króna.

Lagt verður til við aðalfund að greiddur verði 13 milljarða króna arður til hluthafa en bankinn er að langstærstum hluta í eigu ríkisins. Til viðbótar hyggst bankaráð leggja til sérstaka arðgreiðslu á aðalfundi þann 22. mars næstkomandi.

Eigið fé bankans var 251,2 milljarðar króna í árslok 2016 og eiginfjárhlutfallið var 30,2 prósent af áhættugrunni. Í tilkynningu vegna uppgjörsins kemur fram að arðsemi eigin fjár hafi verið 6,6 prósent í fyrra, samanborið við 14,8 prósent árið áður.

Hreinar vaxtatekjur voru 34,7 milljarðar króna og hreinar þjónustutekjur námu 7,8 milljörðum króna. Aðrar rekstrartekjur námu 6,1 milljarði króna. Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 318 milljónir króna. Rekstrarkostnaður var 23,5 milljarðar króna. **– skh**

16,6

milljarða hagnaður varð á rekstri Landsbankans eftir skatt í fyrra.

## Snjóar mikið á vesturströnd Bandaríkjanna



**Þessi maður var að hreinsa göngustíga í New York-borg með snjóblásara eftir mikla snjókomu á vesturströnd Bandaríkjanna í gær. Búist var við að 30 sentímetra snjólag myndi falla í New York og 45 sentímetrar í Boston. Þúsundum flugferða var aflýst í gær vegna óveðurs.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sigmundi stefnt vegna ummæla um Spartakus

**DÓMSMÁL** Guðmundur Spartakus Ómarsson hefur stefnt nokkrum fjölmiðlamönnum fyrir fréttaflutning af sér á síðasta ári. Í gær var fyrirtaka í máli hans gegn Sigmundi Erni Rúnarssyni, dagskrárstjóra sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar.

Fréttamönnum Ríkisútvarpsins, Jóhanni Hlíðari Harðarsyni, Rakel Þorbergsdóttur fréttastjóra, Pálma Jónassyni og Hjálmari Friðrikssyni, hefur einnig verið stefnt ásamt Magnúsi Geir Þórðarsyni útvarpsstjóra. Í báðum stefnunum er þess krafist að ærumeiðandi ummæli verði ómerkt og Guðmundur fái miskabætur greiddar.

Stefnan gegn Sigmundi Erni tekur til níu ummæla sem birtust á hringbraut.is. Sex þeirra ummæla snúa að fullyrðingum um meint fíkniefnaviðskipti Guðmundar, þá er fullyrt að „hann sigli undir fölsku vegabréfsflaggi“.

Stefnan gegn starfsmönnum RÚV er mun umfangsmeiri, eða samtals fjórtán blaðsíður, og tekur til alls 28 ummæla sem féllu í útvarpsfréttum og á vef Ríkisútvarpsins í janúar og maí 2016. Farið er fram á samtals tíu milljónir króna í bætur fyrir ummælin sem flest snúa að áðurnefndum meintum fíkniefnaviðskiptum. **– snæ**



**Í gær var fyrirtaka í máli Guðmundar gegn Sigmundi Erni, dagskrárstjóra Hringbrautar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnir ótrauður á framboð gegn Pútín

**RÚSSLAND** Rússneski stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalní ætlar ekki að láta dómsúrskurð stöðva framboð sitt til forseta. Hann hlaut dóm fyrir spillingu, en segir dóminn sprottinn af pólitískum rótum og ætlar að áfrýja.

Fyrir fjórum árum hlaut Navalní, sem hefur verið í fararbroddi baráttu gegn spillingu í Rússlandi, sams konar dóm en þeim dómi var síðar hnekkt. Í réttarsalnum á miðvikudag gerði hann mikið grín að dómaranum, sagði hann endurtaka sömu mistökin og fyrri dómari hefði gert, enda væri úrskurðurinn nánast samhljóða eldri dómnum.

> Alexein Navalni ætlar ekki að láta ásakanir og dóm um spillingu stöðva sig í framboði til forseta.

Samkvæmt rússneskum lögum má enginn, sem hefur dóm á bakinu, bjóða sig fram til forseta. Navalní segist þó ekki ætla að láta það stöðva sig, því stjórnarskráin kveði á um að einungis þeir sem sitji í fangelsi megi ekki bjóða fram. Hann hafi ekki setið af sér neinn dóm. **– gb**

# Hafa barist fyrir sama málinu í sextán ár

**Teitur Björn Einarsson verður fimmti þingmaðurinn til að leggja fram frumvarp um afnám á einkarétti ríkisins til að selja áfengi. Forseti Alþingis segir fjölmörg þingmannamál vera lögð ítrekað fram. Áherslur þingflokkanna skipti máli.**

**ALÞINGI** Að minnsta kosti fjórir þingmenn höfðu flutt frumvörp um afnám á einkarétti ríkisins til smásölu áfengis áður en Teitur Björn Einarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði sitt frumvarp fram fyrir helgi. Sumir hafa flutt frumvörpin oftar en einu sinni. Fyrstur til að flytja slíkt frumvarp var Vilhjálmur Egilsson árið 2001. Á eftir honum komu svo Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og svo Vilhjálmur Árnason.

Frumvörpin hafa verið með ólíkum áherslum. Ýmist er lagt til að einungis verði afnuminn einkarétturinn á sölu léttvíns og bjórs eða þá að einkaaðilar eigi að geta selt allar tegundir áfengis í smásölu til jafns við ÁTVR. Þá er ýmist lagt til að afnema einkarétt ÁTVR á smásölu áfengis eða að leggja ÁTVR hreinlega niður. Nú er hins vegar verið að leggja frumvarpið fram í sama búningi og í þriðja skiptið. Lagt er til að afnema einkarétt ÁTVR á smásölu áfengis. Meðflutningsmenn Teits Björns eru þingmenn úr Sjálfstæðisflokki, Viðreisn, Pírötum og Bjartri framtíð.

Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis, segir fjölmörg þingmannamál vera lögð fram á Alþingi án þess að þau séu afgreidd. Það hafi komið til umræðu að bregðast við þessu með því að breyta löggjöfinni þannig að þingmál lifi á milli þinga. „Það er að segja að mál sem eru komin inn í nefnd og til umfjöllunar haldi áfram í þeirri umfjöllun,“ segir Unnur en tekur jafnframt fram að slík breyting hafi þó ekki náð fram að ganga.

Þegar Unnur Brá tjáði sig um sambærilegt áfengisfrumvarp árið 2014 fagnaði hún því að frumvarpið hefði verið lagt fram. „Ég vona svo sannarlega, herra forseti, að þetta mál komist það langt að það fari í atkvæðagreiðslu í þingsalnum,“ sagði hún þá í þingræðu.

Nú segist Unnur Brá í samtali við Fréttablaðið ekki geta beitt sér fyrir því að þingmálið verði afgreitt frá Alþingi, hvort sem það yrði samþykkt eða fellt. „Forseti Alþingis er forseti allra þingmanna. Hann beitir sér ekki fyrir einu máli frekar en öðru eftir því hvaða persónulegu skoðanir hann hefur.“ Áherslur þingflokkanna skipti meira máli varðandi það hvaða þingmannamál verði tekin á dagskrá.

**jonhakon@frettabladid.is**



**Stöðugar breytingar verða á verslunarneti ÁTVR, en verslanirnar eru nú tæplega 50. Þessi mynd var tekin þegar ný verslun var opnuð í Spönginni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Forseti Alþingis er forseti allra þingmanna. Hann beitir sér ekki fyrir einu máli frekar en öðru eftir því hvaða persónulegu skoðanir hann hefur.



Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis

5 ára ábyrgð



# „Það hvarflaði ekki að mér að ein lítil ákvörðun gæti breytt svona miklu.“

Fyrst þegar ég heyrði talað um metan var ég dálítið efins. En maðurinn minn var sannfærður og við slógum til. Það reyndist ótrúlega góð ákvörðun sem skilar sér í sparnaði og góðri samvisku.

**Margrét Guðmundsdóttir**



Taktu jákvætt skref inn í framtíðina á nýjum **Volkswagen Golf Metan.**

Golf Trendline 1.4 TGI, verð frá:
**3.090.000** kr.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




# AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

FÖSTUDAGINN 3. MARS 2017 KL. 16.00
Í RÁÐSTEFNUSAL FÉLAGSINS AÐ BORGARTÚNI 37

## Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða.

Stjórn leggur til við aðalfund að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

a. Heimild verði veitt til stjórnar um hækkun á hlutafé félagsins um kr. 150.000.000 að nafnverði og gildi heimildin í fimm ár frá samþykki hennar (grein 15.1).
b. Nýrri grein 5.5 um kynjahlutföll stjórnar verði bætt við.
c. Grein 4.2 (um rétt til setu á hluthafafundum) verði aðlöguð að 1. mgr. 81. gr. hlutafélagalaga.
d. Tilvísun í grein 4.12 (um aðalfund) til greina 4.16 og 4.17 verði til greina 4.14 og 4.15.
e. Grein 4.13 (um dagskrá aðalfundar) verði aðlöguð að 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
f. Grein 4.16 (um tillögur frá hluthöfum) verði aðlöguð að 1. mgr. 86. gr. hlutafélagalaga.
g. Grein 6.3 (um rétt hluthafa til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar) verði leiðrétt m.t.t. orðalags.

6. Kosning stjórnar félagsins sbr. grein 5.1. í samþykktum félagsins.
7. Kosning endurskoðanda sbr. grein 10.1. í samþykktum félagsins.
8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
9. Tillaga stjórnar um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.
10. Tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu.
11. Önnur mál.

### Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 21. febrúar 2017. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

## Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Reykjavík, 10. febrúar 2017,
stjórn Nýherja hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn
er að finna á www.nyherji.is.

NÝHERJI HF.
BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS



# Sessions sestur á ráðherrastól

**Tugir dómsmála eru enn í gangi vegna banns Trumps gegn innflytjendum og flóttafólki frá múslimaríkjum. Meirihluti Bandaríkjamanna segist ánægður með innflytjendabannið. Meirihluti Evrópubúa myndi einnig styðja sambærilegt bann.**

**BANDARÍKIN** Jeff Sessions tók í gær formlega við embætti dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, þrátt fyrir að hafa verið sakaður um kynþáttahyggju.

Sjálfur sagði hann þær ásakanir ekki eiga við rök að styðjast, heldur drægju gagnrýnendur hans upp skrípamynd af honum til að gagnrýna.

Andstæðingar jafnt sem stuðningsmenn Donalds Trump Bandaríkjaforseta bíða enn niðurstöðu áfrýjunardómstóls um hið umdeilda bann hans við innflutningi fólks frá nokkrum múslimalöndum.

Trump sjálfur gagnrýndi harðlega dómarann í Seattle sem úrskurðaði innflytjendabannið ólöglegt, en meðal þeirra sem gagnrýnt hafa Trump fyrir þau ummæli er Neil M. Gorsuch, sem Trump vill gera að hæstaréttardómara.

Gorsuch sagði ummæli Trumps um dómarann vera niðurdrepandi og siðspillandi.

Áfrýjunardómstóllinn tók málið fyrir á þriðjudag og sagði von á niðurstöðu fljótlega, en jafnvel þótt sá úrskurður verði banninu í vil bíða tugir annarra dómsmála sem höfðuð hafa verið gegn banni Trumps.

Trump stærir sig á Twitter-reikningi sínum af því að 55 prósent kjósenda styðji innflytjendabannið, samkvæmt skoðanakönnun fréttavefsins Politico. Andstaðan mældist aðeins 38 prósent.

**55%**

**íbúa tíu Evrópulanda myndu styðja allsherjarbann við innflytjendum frá múslimalöndum til Evrópu.**

Í grein á Politico er reyndar bent á það að aðrar skoðanakannanir, frá CBS, CNN, Gallup og Quinnipiac, hafi sýnt fram á andstöðu meirihlutans við innflytjendabannið.

Trump vekur hins vegar einnig athygli á nýrri skoðanakönnun sem sýnir að meirihluti íbúa Evrópuríkja myndi styðja sams konar aðgerðir í Evrópu, sem fælu í sér að íbúum múslimaríkja yrði bannað að flytja til Evrópu.

Það er breska stofnunin Chatham House sem gerði þessa könnun. Íbúar tíu Evrópulanda voru spurðir hvort stöðva ætti allan innflutning fólks frá múslimalöndum.

Alls voru 55 prósent aðspurðra fylgjandi þessu. Tuttugu prósent voru ósammála en 25 prósent sögðust hvorki fylgjandi né andvíg slíku banni.

Stuðningur við slíkt bann reyndist mestur í Póllandi, þar sem hann mældist 71 prósent. Í Austurríki mældist 65 prósent stuðningur, 53 prósent í Þýskalandi og 51 prósent á Ítalíu. Minnstur var stuðningurinn á Spáni og í Bretlandi, 47 og 41 prósent, en hvergi mældist andstaðan við slíkt bann meiri en 32 prósent.

gudsteinn@frettabladid.is



Trump Bandaríkjaforseti ánægður með ráðherrann NORDICPHOTOS/AFP

# VG skýst upp á toppinn

**STJÓRNMÁL** VG mælist stærsti flokkurinn á Alþingi í nýrri könnun sem MMR gerði dagana 1. til 5. febrúar. Flokkurinn mælist með 27 prósenta fylgi í könnuninni, Sjálfstæðisflokkurinn með 23,8 prósent. Píratar mælast svo þriðji stærsti flokkurinn með 13,6 prósent.

Fylgi Framsóknarflokksins mælist nú 9,7 prósent en var 12,5, fylgi Samfylkingarinnar mælist 7,8 prósent og fylgi Viðreisnar mælist 5,6 prósent. Þá mælist fylgi Bjartrar framtíðar 5,3 prósent og fylgi annarra flokka mælist 7,1 prósent samanlagt.

Samkvæmt frétt á vef MMR svöruðu 983 einstaklingar, 18 ára og eldri, spurningu MMR um hvaða flokk eða lista þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga nú. Svarendur voru valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. – jhh



Katrín Jakobsdóttir og félagar eru á siglingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**27%**

**fylgi mælist VG með í nýrri könnun MMR.**

www.n1.is facebook.com/enneinn




## Allir ættu að fá sér N1 kortið eða lykilinn

N1 kortið og N1 lykillinn kosta ekkert en færa þér bæði afslátt og N1 punkta sem gilda sem inneign í öllum viðskiptum við N1.

**Sæktu um kortið á n1.is og byrjaðu að spara og safna.**




Hluti af sparnaðinum

ENNEMM / SÍA / NM75654

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Sýnum ábyrgð



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Stjórnvöld hafa hreykt sér af því að reka eigi ríkissjóð með afgangi. Ekki getur það talist mikið afrek. Ísland er að nálgast topp hagsveiflunnar – Seðlabankinn spáir rúmlega 5 prósenta hagvexti í ár – og allt stefnir í að núverandi hagvaxtarskeið verði hið lengsta í Íslandssögunni. Þrátt fyrir þennan mikla uppgang gera fjárlög fyrir 2017 aðeins ráð fyrir afgangi sem nemur um einu prósenti af landsframleiðslu. Samkvæmt fjármálastefnu nýrrar ríkisstjórnar er áætlað að afgangurinn verði litlu meiri á næstu árum.

Staðan er sú að stjórnvöld hafa í raun misst öll tök á stöðugri útgjaldaaukningu hins opinbera. Til marks um hversu viðkvæm staða ríkissjóðs er nú um stundir, þar sem áætlun næstu ára miðast við að afgangur á fjárlögum verði um og yfir einu prósenti, þá má rifja upp að ríkið var að skila yfir fimm prósenta afgangi á bóluárunum fyrir 2008. Öllum má vera ljóst að lítið má út af bregða til að sá afgangur snúist í verulegan halla með tilheyrandi auknum vaxtakostnaði ríkissjóðs.

Í nýjasta Peningamálariti Seðlabankans er vakin athygli á því að þótt afgangur verði á ríkissjóði þá felur ný fjármálastefna í sér „nokkra slökun á aðhaldsstigi opinberra fjármála þegar tekið hefur verið tillit til hagsveiflunnar“. Samtímis því að Seðlabankinn gagnrýnir stjórnvöld fyrir þessi lausatök í ríkisfjármálum eru uppi háværar raddir, eins og á öllum tímum, um að ríkið þurfi að gera enn betur í hinum ýmsu málaflokkum. Helstu kröfur almennings, sem má með góðum rökum halda fram að hafi meðal annars endurspeglast í niðurstöðum síðustu alþingiskosninga, beinast einkum að stóraukinni uppbyggingu í heilbrigðismálum og meiri fjárfestingu í innviðum.

Þær kröfur eru vissulega réttmætar og skynsamlegar. Átta árum eftir bankahrunið er fjárfesting hins opinbera enn langt undir því sem æskilegt getur talist. Þrátt fyrir að útgjaldavöxtur síðustu ára hafi verið umtalsverður – á síðasta ári jukust þau um átta prósent – þá er staðan engu að síður sú að fjárfesting hins opinbera í innviðum samfélagsins er um helmingi minni sem hlutfall af landsframleiðslu en hún hefur verið sögulega séð. Þetta er áhyggjuefni – og þarf að breytast.

Vandinn sem stjórnvöld glíma við í þessum efnum er að minnsta kosti tvíþættur. Án forgangsröðunar í ríkisrekstri er ekkert svigrúm til að auka útgjöld til nauðsynlegrar innviðauppbyggingar og eins er ljóst að aukin umsvif hins opinbera við núverandi aðstæður ýta enn frekar undir þenslu. Ein leið til að bregðast við þessari stöðu er að huga að sölu ríkiseigna, einkum með því að endurheimta þá miklu fjármuni sem eru bundnir í bankakerfinu, og þannig spara ríkinu árlega tugi milljarða í vaxtakostnað.

Með slíkri stefnumörkun gætu stjórnvöld í senn komið til móts við kröfur um aukna fjárfestingu í innviðum og eins skilað meiri afgangi á fjárlögum, líkt og Seðlabankinn hefur kallað eftir. Aukinn agi í ríkisfjármálum, ásamt stöðugleika á vinnumarkaði, myndi þá um leið stuðla að lægri stýrivöxtum og minni sveiflum í efnahagslífinu. Allir græða.

**Staðan er sú að stjórnvöld hafa í raun misst öll tök á stöðugri útgjaldaaukningu hins opinbera.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Fordæmalausir tímar**
**Ný könnun MMR sýnir áframhaldandi sveiflur í fylgi flokkanna en VG mælist nú stærsti flokkurinn á Alþingi með 27 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 23,8 prósenta fylgi. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Vinstri græn mælast stærri en Sjálfstæðisflokkurinn en það gerðist í könnun Gallup í október 2008 og mars 2009. Þá voru auðvitað fordæmalausir tímar í mjög eldfimu þjóðfélagsástandi en ekki í gangi eitt lengsta hagvaxtarskeið sögunnar með nýrri ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins.**

**Pun intended**
**Píratinn Viktor Orri Valgarðsson ræddi á Alþingi í gær lagagrein landráðakafla almennra hegningarlaga sem bannar smánun erlends ríkis og þjóðfána þess. Viktor lét sér ekki nægja að taka með sér leikmuni í ræðustól heldur vitnaði til gamanþáttarins Big Bang Theory og sagði: „Ef mér finnst fáni SÞ ekki vera fallegur, og ég lýsi þeirri skoðun opinberlega, þá varðar það við almenn hegningarlög að smána þennan fána, pun intended með leyfi forseta.“ Það má taka undir mikilvægi þess að afnema þessa grein almennra hegningarlaga og það er gleðilegt að nýr þingmaður leyfi sér að gera grín í ræðustól Alþingis. Með bröndurum má báknið burt reka.**
**snaeros@frettabladid.is**

# Taugakerfið og gervigreindin



**Auður Guðjónsdóttir**
stjórnarformaður Mænuskaðastofnunar Íslands

Þann 23. febrúar verður tekin fyrir hjá embættisnefnd Norðurlandaráðs tillaga sem Lilja Alfreðsdóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, lagði fram í stjórnartíð sinni. Tillagan fjallar um að Norræna ráðherranefndin láti samkeyra með nýjustu tölvutækni rannsóknir sem gerðar hafa verið á taugakerfinu á Norðurlöndum. Tilgangurinn er að finna sameiginlegt mynstur í rannsóknunum sem leitt gæti til aukins skilnings á því hvernig taugakerfið starfar. Fari tillagan í gegn hjá embættisnefnd mun hún verða tekin fyrir hjá ráðherranefnd 30. mars. Fari hún ekki í gegn mun hún ekki verða tekin fyrir hjá ráðherranefnd og mun hún þá falla dauð niður. Það má ekki gerast. Undanfari tillögunnar er beiðni 26 þúsund Íslendinga til Sameinuðu þjóðanna árið 2015 um að átak verði gert í því að auka skilning á hvernig taugakerfið starfar. Með mikilli vinnu utanríkisþjónustunnar og félaga fólks með taugakerfisraskanir náðist inn í stefnuyfirlýsingu stofnunarinnar ákvæði um að bæta skuli meðferðir við skemmdum í taugakerfinu. Á því ákvæði byggir Lilja tillögu sína. Aukinn skilningur er grundvallaratriði bættrar meðferðar og lykillinn að lækningu.

Með fjórðu iðnbyltingunni sem nú hefur hafið innreið sína með gervigreind er sú tækniþekking til staðar sem þarf til að keyra saman flóknar rannsóknir á taugakerfinu. Stóra tækifæri taugakerfisins er komið. Því ríður á að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að umrædd tillaga fari í gegn hjá báðum ofangreindum nefndum. Undanfarin misseri hafa Kristján Þór Júlíusson, menntamálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda, og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra stutt mænu/taugakerfisverkefnið með ráðum og dáð. Greinarhöfundur biður þessa sömu menn að tala fyrir samþykkt tillögunnar hjá Norrænu ráðherranefndinni af fullum þunga. Jafnframt biður höfundur Óttar Proppé heilbrigðisráðherra að gera slíkt hið sama. Mikilvægt er að þeir sem fjalla um tillöguna hjá Norðurlandaráði hafi fullkominn skilning á því brautryðjendastarfi sem hér um ræðir. Samþykkt hennar þýðir að Norðurlöndin taka upp nýtt ákvæði um taugakerfið frá Sameinuðu þjóðunum og festa það í sessi sem eitt af þeim mikilvægu verkum sem heimurinn þarf að taka á. Það mun verða allri veröldinni til heilla.

**Mikilvægt er að þeir sem fjalla um tillöguna hjá Norðurlandaráði hafi fullkominn skilning á því brautryðjendastarfi sem hér um ræðir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fordæmalausir fordómar fordæmdir

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Fyrir tæpu ári síðan byrjaði mjög að bera á því meðal Demókrata í Bandaríkjunum að þeir ættu erfitt með að hemja kátínu sína yfir velgengni Donalds Trump í prófkjöri Repúblikana. Meðal þeirra var útbreidd—og nánast ráðandi—sú skoðun að það væri rétt mátulegt á bölvaðan Repúblikanaflokkinn að þeir kysu yfir sig þessa fáránlegu fígúru. Hann ætti ekki minnsta möguleika á því að vinna í alvörukosningum. Þessi glaðhlakkalega afstaða margra Demókrata stóð mestmegnis óhögguð þangað til langt var liðið á kvöld kjördags þegar í ljós kom að þessi fáránlegi frambjóðandi hefði borið sigur úr býtum.

**Dramb er falli næst**

Dagana fyrir kosningar mátti lesa fjölda lærðra útskýringa hjá kosningasérfræðingum þar sem sýnt var fram á að það væri nánast tölfræðilega ómögulegt fyrir Trump að sigrast á kosningavél Hillary Clinton. Margir úr röðum Demókrata voru byrjaðir að einbeita sér að því að núa pólitískum andstæðingum sínum því um nasir að hafa ekki afneitað Trump.

**Með því að reyna að hrekkja pólitíska andstæðinga út í horn og skapa með því óþarfar deilur er verið að úthýsa yfirvegun, samstöðu og virðingu úr pólitískri umræðu.**

En rétt eins og þegar hin hægfara skjaldbaka sigraði fótfráa hérann sem lagði sig við veginn; þá sváfu andstæðingar Trump á verðinum, blístrandi saddir af eigin ágæti og yfirburðum á meðan hið ótrúlega og ómögulega helltist yfir veröldina.

Og nú situr heimsbyggðin uppi með þá stöðu að valdamesti maður heims er einstaklingur sem virðist hafa jafnóþroskaðar hugmyndir um vald, eins og sex ára barn—sem heldur að löggan megi setja hvern sem er í fangelsi og búa til þær reglur sem henni finnst sanngjarnt hverju sinni. Og þeir sem fylgst hafa með—allt frá kosningabaráttu til embættistöku—hafa áhyggjur af þeim tuddaskap sem forsetanum virðist svo eðlislægur. Fyrstu vikur Trump í embætti eru ískyggilegar. Ekki nóg með að tilskipanir hans og embættistilnefningar séu áhyggjuefni; í ofanálag hefur hann kirfilega sannað að þeir höfðu rétt fyrir sér sem fullyrtu að skaphöfn og dómgreind frambjóðandans Trump væri engan veginn samboðin svo ábyrgðarmiklu embætti.

Nánast daglega hrannast þessar staðfestingar upp og sífellt fleira virðist benda til þess að sérhagsmunaöfl og flokkspólitískir hagsmunir muni koma í veg fyrir að dyntir forsetans mæti teljandi pólitískri fyrirstöðu. Eftir stendur sú von að kerfislægir öryggisventlar bandaríska stjórnkerfisins muni halda aftur af sturluðustu hugmyndunum. Einhverjar vísbendingar eru nú þegar uppi um að svo kunni að vera; þótt það gætu reynst ámátlegar dauðateygjur réttarríkisins ef pólitísk forysta Bandaríkjanna grípur ekki í taumana.

**Fylgst með í fjarska**

Hér á Íslandi er fátt sem hægt er að gera. Við fylgjumst vanmáttug með því sem þarna gerist—og vonum kannski innst inni að verða ekki sjálf fyrir skaða af þessum væringum. Sem betur fer virðast íslenskir stjórnmálamenn nánast undantekningarlaust hafa séð í gegnum loddaraskapinn. Í þeirra hópi á Trump sér fáa stuðningsmenn, ef einhverja.

Formaður Samfylkingarinnar er einn af þeim sem greinilega hafa áhyggjur af ástandinu. Til þess að auglýsa hrylling sinn hefur hann á Alþingi lagt fram ályktun til þingsályktunar (ásamt sjö öðrum) þar sem „Alþingi fordæmir harðlega tilskipun forseta Bandaríkjanna sem beinist gegn múslimum ...“. Í greinargerð með ályktuninni segir að tilskipunin sé „fordæmalaus og lýsi mannfyrirlitningu, byggist á fordómum og grafi undan mannréttindum og þeim lýðræðislegu gildum sem almennt eru viðurkennd í vestrænum lýðræðisríkjum.“

Þetta er býsna fast að orði kveðið. Það dugir greinilega ekki bara að fordæma tilskipunina heldur er hún fordæmd harðlega—því líklega telja tillöguflytjendur að mjúkleg fordæming sé ólíklegri til þess að skila árangri heldur en harðleg.

Nema náttúrlega að tilgangur tillögunnar sé bara alls ekki að hún skili árangri.

**Samfylkingin lýsir yfir stríði**

Í alþjóðastjórnmálum (og almennt í sæmilega siðuðum samskiptum) eru til staðar bæði skráðar og óskráðar reglur um hvernig komið er fram við aðrar þjóðir. Það þykir tíðindum sæta ef stjórnvöld eins lands lýsa yfir áhyggjum af ástandi í öðru landi. Verulegar áhyggjur eru auðvitað ennþá alvarlegra orðalag. Ef áhyggjurnar duga ekki þá má búast við því að stjórnvöld „harmi“ ástandið og gangi svo næst jafnvel svo langt að „mótmæla“ því.

Fordæmingar í diplómatísku tali eru í raun undanfari stríðsyfirlýsingar. Skyldi formaður Samfylkingarinnar ætla að skilja þann ás einan eftir í erminni—að lýsa hreinlega yfir stríði gegn Bandaríkjunum vegna þessarar ömurlegu tilskipunar sem nú hefur verið gerð óvirk í krafti bandarískra dómstóla?

Eða er þessi tillöguflutningur angi af nákvæmlega sama meiði og glaðhlakkaleg viðbrögð bandarískra Demókrata við tilhugsuninni um þá náðargjöf að Trump yrði forsetaframbjóðandi óvinaflokksins?

Sæmilega ábyrgum stjórnmálamönnum er vitaskuld fullkomlega ómögulegt að taka undir ályktunardrög Samfylkingarinnar eins og þau eru sett fram. Þetta veit formaður Samfylkingarinnar mætavel. En í stað þess að viðurkenna þá ánægjulegu staðreynd að íslenskir stjórnmálamenn eru nánast algjörlega samhljóma í hryllingi sínum yfir málflutningi og aðgerðum Trump, þá kýs Samfylkingin að egna upp ófrið á Alþingi í þeirri von að geta, á afar ósanngjarnan hátt, spyrt innlenda pólitíska andstæðinga sína við persónu og stefnu Donalds Trump.

**Pólitískir klækjaleikir**

Því miður eru ýmsar ískyggilegar blikur á lofti í heimsmálunum um þessar mundir. Mannfyrirlitning, fordómar, valdsdýrkun, einangrunarhyggja og pólitísk hefnigirni eru víða á uppleið. Þetta er alvörumál.

Þess vegna eru pólitískir klækjaleikir, eins og er að finna í þessari misráðnu þingsályktunartillögu, ekki bara hallærislegir heldur hættulegir. Með því að reyna að hrekkja pólitíska andstæðinga út í horn og skapa með því óþarfar deilur er verið að úthýsa yfirvegun, samstöðu og virðingu úr pólitískri umræðu. Í stað þess að deila málefnalega um það sem fólk er ósammála um þá er lagt upp með að rífast ómálefnalega um málefni sem nánast allir eru sammála um.

Alþingi og þjóðinni væri sýnd ágæt virðing ef þessi tillaga til þingsályktunar væri hljóðlega dregin til baka.



marel

AÐALFUNDUR MAREL HF. 2017

Aðalfundur Marel hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, fimmtudaginn 2. mars nk., kl. 16:00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.13 í samþykktum félagsins.
- Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu.
- Tillaga um kaupréttarkerfi.
- Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf.
- Önnur mál, löglega borin fram.

Fundarstörf munu fara fram á ensku.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16:00 laugardaginn 25. febrúar.

Til þess að tillögur frá hluthöfum sem leggja á fyrir á fundinum verði teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 mánudaginn 20. febrúar.

Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. frekari upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2016, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu m.v. 8. febrúar 2017, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum sjö dögum fyrir fundinn á framangreindum aðalfundarvef félagsins sem og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30.

Stjórn Marel hf.

ADVANCING FOOD PROCESSING

## KR og Þór mætast annað árið í röð í bikarúrslitaleik karla



Aftur ári síðar Þórsarinn Emil Karel Einarsson ver hér skot Grindvíkingsins Þorleifs Ólafssonar í undanúrslitaleik Þórs og Grindavíkur í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Þórsarinn Tobin Carberry, sem skoraði alls 44 stig í leiknum, er við öllu búinn í vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ísland í hópi með stórþjóðum

**Íslensku karla- og kvennalandsliðin í fótbolta eru bæði í 20. sæti heimslista Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Þau eru á meðal átta margra milljóna manna þjóða sem eru með bæði landsliðin á topp 20 í heiminum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta bætti eigið met á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins sem gefinn var út í gær. Strákarnir okkar eru komnir upp í 20. sæti listans og hafa aldrei verið ofar. Þeir komust áður hæst í 21. sæti í nóvember en þeir skutust í 22. sætið eftir frábært gengi á EM í Frakklandi síðasta sumar.

Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu eru einnig í 20. sæti á FIFA-listanum en ekki hefur verið gefinn út listi hjá konunum síðan í desember. Þær féllu um fjögur sæti á síðasta lista en héldu sér inni á topp 20 þangað sem strákarnir eru nú komnir í fyrsta skipti.

Ísland er nú á meðal margra milljónaþjóða sem eru með karla- og kvennalandslið á topp 20 á heimslistanum. Sumar þessara þjóða eru margfaldir heimsmeistarar þannig að þetta er svo sannarlega ekki ónýtur listi sem fótboltafólkið er á.

### Tuttugu efstu þjóðirnar á FIFA-listunum



| | ♂ | ♀ |
|---|---|---|
| 1. | Argentína | Bandaríkin |
| 2. | **Brasilía** | **Þýskaland** |
| 3. | **Þýskaland** | **Frakkland** |
| 4. | Síle | Kanada |
| 5. | Belgía | **England** |
| 6. | **Frakkland** | Ástralía |
| 7. | Kólumbía | Japan |
| 8. | Portúgal | Svíþjóð |
| 9. | Úrúgvæ | **Brasilía** |
| 10. | **Spánn** | Norður-Kórea |
| 11. | **Sviss** | Noregur |
| 12. | Wales | Holland |
| 13. | **England** | Kína |
| 14. | Pólland | **Spánn** |
| 15. | **Ítalía** | Danmörk |
| 16. | Króatía | **Ítalía** |
| 17. | Mexíkó | **Sviss** |
| 18. | Perú | Suður-Kórea |
| 19. | Kostaríka | Nýja-Sjáland |
| 20. | **Ísland** | **Ísland** |



### Á meðal þeirra átta frækinu

Eins og staðan er núna, eftir að karlalistinn var birtur í gær, eru átta þjóðir með karla- og kvennalandslið á topp 20 á heimslistanum. Þetta eru Brasilía, Þýskaland, Frakkland, Spánn, Sviss, England, Ítalía og Ísland. Brassarnir, Þjóðverjarnir og Frakkarnir eru einu þrjár þjóðirnar með lið á topp tíu á báðum listum.

Þetta eru engar smáþjóðir í fótboltaheiminum í gegnum söguna. Karlaliðin hafa samtals unnið 16 heimsmeistaratitla af þeim 20 sem í boði hafa verið og kvennamegin er Þýskaland algjört stórveldi með tíu sigra samtals frá heimsmeistara- og Evrópumótum.

Árangur íslenska liðsins er ævintýralegur ef horft er til íbúafjölda landanna. Mestur er munurinn á Brasilíu á toppnum og Íslandi á botninum. Í Brasilíu búa 260 milljónir en aðeins 330 þúsund á Íslandi. Samt er Ísland með lið í karla- og kvennaflokki á topp 20.

Meðalíbúafjöldi hinna landanna sjö er 81 milljón og ef við tökum út fjölmennustu og fámennustu þjóðirnar af hinum sjö, Brasilíu og Sviss, er meðalíbúafjöldi hinna fimm 52 milljónir. Þaðan er langur vegur í ríflega 330 þúsundin sem búa hér.

### Frábær árangur á síðasta ári

Árið 2016 var besta fótboltaár í sögu Íslands eins og flestir þekkja. Strákarnir okkar heilluðu heiminn og komust í átta liða úrslit EM í Frakklandi á meðan stelpurnar okkar gerðu grín að sínum riðli í undankeppni EM 2017. Þar unnu þær alla leiki nema einn, skoruðu 34 mörk og fengu aðeins á sig tvö. Karlalandsliðið hélt svo áfram í undankeppni HM 2018 og fékk sjö stig af tólf mögulegum í fyrstu fjórum leikjunum.

Karlalandsliðið er sem fyrr langefst af öllum Norðurlandaþjóðunum og svo sannarlega konungur norðursins en næsta þjóð er Svíar sem eru í 44. sæti, heilum 24 sætum á eftir litla Íslandi.

Stelpurnar eru ofar á Evrópulistanum en strákarnir. Þær eru í ellefta sæti Evrópuþjóða en strákarnir eru komnir upp í tólfta sætið. Það yrði stórt fyrir karlalandsliðið að halda sér þar því eins og staðan er núna eru strákarnir inni í A-riðli Þjóðardeildarinnar sem fer af stað haustið 2018.

Stóra markmið stelpnanna í ár er að bæta eigin árangur á EM 2017 í Hollandi en strákarnir berjast um að komast á HM 2018. Stóra markmiðið í íslenska fótboltanum gæti svo verið að koma þessum tveimur mögnuðu landsliðum á topp tíu á heimslistanum. tomas@365.is

## Nýjast

**Maltbikar karla, undanúrslit**

**Valur - KR 67-72**

**Stigahæstir:** Urald King 31 (10 frák., 6 stolnir), Birgir Björn Péturss. 12, Austin Bracey 11, Benedikt Blöndal 6, Sigurður Dagur Sturluson 3 - Philip Alawoya 20 (20 frák.), Jón Arnór Stefánsson 18, Þórir Þorbjarnarson 12, Darri Hilmarsson 7, Pavel Ermolinskij 6 (7 stoðs.), Vilhjálmur Kári Jensson 3. **KR-ingar** að komast í bikarúrslitin þriðja árið í röð.

**Þór Þorl. - Grindavík 106-98**

**Stigahæstir:** Tobin Carberry 44 (16 frák.), Maciej Baginski 17, Emil Karel Einarsson 15 (5 varin skot), Grétar Ingi Erlendsson 12, Ragnar Örn Bragason 8, Ólafur Helgi Jónsson 6 - Ólafur Ólafsson 24 (10 frák.), Lewis Clinch 23, Dagur Kár Jónsson 20, Þorleifur Ólafsson 18, Þorsteinn Finnbogason 6.

**Coca-Cola-bikar kvenna**

**Stjarnan - ÍBV 32-23**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Rakel Dögg Bragadóttir 8/3 (11/3), Sólveig Lára Kjærnested 6 (10), Helena Rut Örvarsdóttir 5 (11), Aðalheiður Hreinsdóttir 3 (4), Brynhildur Kjartansdóttir 3 (4), Elena Elíasbet Birgisdóttir 2 (2), Nataly Sæunn Valencia 2 (2), Stefanía Theodórsdóttir 2 (4), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1 (2).
**Varin skot**: Hafdís Renötudóttir 20 (41, 49%).
**Mörk ÍBV (skot):** Ester Óskarsdóttir 8 (18), Greta Kavaliuskaite 6 (11), Karólína Bæhrenz Lárudóttir 4 (7), Telma Silva Amado 3 (7), Sandra Dís Pálsdóttir 2 (9).
**Varin skot**: Guðný Jenný Ásmundsd. 15 (35/2, 43%), Erla Rós Sigmarsd. 3 (15/1, 20%).
**Stjarnan** verður í undanúrslitum ásamt Fram, Selfossi og Haukum.

### ÞRJÚ KARLALIÐ KOMAST Í HÖLLINA Í KVÖLD

Þrír af fjórum leikjum í átta liða úrslitum Coca-Cola-bikars karla í handbolta fara fram í kvöld en spilað verður í Framhúsinu (Fram-FH), Valshöllinni (Valur-Stjarnan) og á Ásvöllum (Haukar-Selfoss) og hefjast allir leikir klukkan 19.30. Lokaleikur átta liða úrslitanna fer síðan fram í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi á laugardaginn þegar Grótta tekur á móti Afturelding. Undanúrslitin fara fram í Laugardalshöll eins og síðustu ár.

### HRAFNHILDUR MEÐ TVÖ GULL OG SILFUR Í SVISS

Hrafnhildur Lúthersdóttir vann þrenn verðlaun á alþjóðlegu móti í Uster í Sviss og synti auk þess undir HM lágmarki í 50 metra bringusundi. Hrafnhildur er komin á fullt á ný eftir að hafa tekið sér smá pásu eftir Ólympíuleikana í Ríó. Hún keppti til dæmis í 200 metra bringusundi og vann það á 2:27.86 mínútum. Hún vann einnig 100 metra bringusundið á 1:08.67 mínútum og varð síðan í öðru sæti í 50 metra bringusundi á 31,14 sekúndum. Besti árangur hennar þegar kemur að alþjóðlegum stigum var í 50 metra bringusundinu.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.25 | Mainz - Augsburg | Sport |
| 20.00 | Pebble Beach | Golfstöðin |
| 01.00 | Wizards - Pacers | Sport |

**Coca-Cola-bikar karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Fram - FH | Framhús |
| 19.30 | Haukar - Selfoss | Ásvellir |
| 19.30 | Valur - Stjarnan | Valshöll |

# Öll meiðsli meiri vonbrigði á EM-ári

**FÓTBOLTI** Dagný Brynjarsdóttir, landsliðskona í fótbolta, er frá æfingum og keppni þessar vikurnar vegna útbungunar í baki sem svipar til brjóskloss en hún fékk greiningu á mánudaginn. Árið 2017 hefur ekki byrjað vel en um miðjan janúar lá hún með slæma flensu í tvær vikur.

„Markmiðið var að byrja árið með stæl en fyrst veiktist ég og svo meiddist ég. Það horfir samt til betri vegar núna og hefur verið allt annað síðan ég vissi um hvað var að ræða,“ segir Dagný sem lýsir sér sem æfingasjúkri og hélt því alltaf áfram þótt hún fyndi fyrir meiðslunum án þess að vita hver þau væru.

„Auðvitað vill maður nýta hvern einasta dag og hverja einustu stund á svona ári. Það er mánuður farinn í súginn og þegar maður er svona æfingasjúkur þá er þetta erfitt.“

Þrír lykilleikmenn landsliðsins glíma nú við meiðsli. Dagný er frá en þó bara í nokkrar vikur til viðbótar, Margrét Lára Viðarsdóttir var í aðgerð og Hólmfríður Magnúsdóttir er fótbrotin. Meiðsli eru aldrei góð en þau eru sérstaklega slæm á þessu ári þegar EM í Hollandi fer fram.

„Mín meiðsli eru bara smávægileg miðað við Hólmfríðar en alveg sama hversu stórt eða lítið þetta er þá er svona mikil vonbrigði. Ég æfði eins og ég veit ekki hvað í nóvember og desember. Ég var að æfa með karlaliði Selfoss og að taka aukaæfingar og svo lyfta þrisvar sinnum í viku.“

Dagný er í kapphlaupi við tímann ætli hún að ná Algarve-mótinu sem hefst 1. mars. „Ég hef ekki komist á heila fótboltaæfingu síðan um miðjan janúar sem er leiðinlegt því ég ætlaði að nota janúar og febrúar til að æfa aukalega.“ **tomas@365.is**



**Dagný Brynjarsdóttir ætlar að komast til Algarve.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Heimir Hallgrímsson var laufléttur á blaðamannafundinum í Las Vegas.** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Tap strákanna í Las Vegas

**FÓTBOLTI** „Það var ekkert stórslys að tapa þessum leik 1-0,“ sagði Heimir Hallgrímsson á blaðamannafundi eftir vináttulandsleik Mexíkó og Íslands í Las Vegas. Hann fór fram aðfaranótt fimmtudags en Alan Pulido skoraði eina markið með skalla á 21. mínútu.

Sex nýliðar fengu sínar fyrstu mínútur í íslensku treyjunni en liðið var eingöngu skipað leikmönnum sem spila á Íslandi og Norðurlöndunum.

Mexíkó var mun meira með boltann í leiknum og sagði Heimir að tap Íslands hefði getað orðið stærra. „Það er raunar fremur eftirtektarvert að við vorum 90 prósent leiktímans í vörn og fengum aðeins eitt mark á okkur,“ sagði Heimir. **– esá**



**Valdís Þóra var í góðri stöðu eftir fyrsta keppnisdaginn.** MYND/LET

## Valdís Þóra byrjaði vel

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir fór vel af stað þegar hún lék sinn fyrsta hring á Evrópumótaröðinni í golfi. Hún lék á tveimur höggum undir pari á Oates Vic Open í Ástralíu sem er fyrsta mót ársins á mótaröðinni. Hún er ásamt tólf öðrum kylfingum í 22. sæti mótsins.

Valdís Þóra fékk aðeins einn skolla í nótt en þrjá fugla. Hún var á tveimur undir pari eftir fyrri níu, eftir fugla á fimmtu og áttundu holu. Hún fékk svo skolla á sautjándu en náði að laga stöðuna á nýjan leik með fugli á átjándu og síðustu holu vallarins.

Annar keppnisdagur fór fram í nótt og má finna fréttir af gengi Valdísar Þóru á íþróttavef Vísis. Um 70 efstu kylfingarnir eftir fyrstu tvo dagana komast í gegnum niðurskurðinn. **– esá**











**Bosch, þvottavél**

Serie 4, WAN 282B7SN

7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.
1400 sn./mín. og í orkuflokki A+++.
Mjög hljóðlátur, kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð.

**Tilboðsverð: 79.900 kr.**

**Fullt verð: 99.900 kr.**

**Bosch, þurrkari**

Serie 4, WTH 8520SSN

8 kg þurrkari með íslensku stjórnborði og rafrænum rakaskynjara. Orkuflokkur A++.
40 mínútna hraðkerfi. Krumpuvörn við lok þurrkunar.

**Tilboðsverð: 89.900 kr.**

**Fullt verð: 119.900 kr.**

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Tilboð gildir til 18. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Opið virka daga frá kl. 8:30 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
10. FEBRÚAR 2017 FÖSTUDAGUR

# Ein stærsta uppsetning í Eldborg frá upphafi

**Í ágúst verður sett upp sérstök sýning á fyrstu mynd þríleiksins Hringadróttinssögu en stærðarinnar sinfóníuhljómsveit auk kóra mun flytja Óskarsverðlaunatónlist myndarinnar meðan á sýningu stendur en hún var samin af tónskáldinu Howard Shore.**

„Ég er auðvitað alltaf að leita að einhverju skemmtilegu og áhugaverðu fyrir Ísland og ég rakst á þetta – Lord of the Rings in Concert. Þessi sýning hefur gengið rosalega vel alls staðar í heiminum og hefur verið að seljast upp á 10 til 15 þúsund manna stöðum í Þýskalandi og víðar til dæmis. Þetta er auðvitað risaverkefni og ég var ekki viss um hvort við kæmum þessu einu sinni inn á lítinn stað eins og Eldborg. Það þarf að stækka sviðið þannig að ég næ ekki að nýta alla Eldborg því að við þurfum að rúma alveg 230 manns á sviðinu,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari en hann mun púsla saman stærðarinnar hóp tónlistarmanna í sumar sem munu flytja tónlist Howards Shore úr fyrstu mynd Hringadróttinssögu um leið og myndin myndin er sýnd á risatjaldi.


Eins og má sjá verður þetta engin venjuleg bíósýning.

Að þessu verkefni koma gríðarmargir tónlistarmenn úr mörgum áttum, en um ræðir 84 manna sinfóníuhljómsveit sem meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og SinfóníaNord skipa, kóra Söngsveitarinnar Fílharmóníu og Hljómeykis og barnakór Kársnesskóla auk stjórnenda og einsöngvara. Stjórnandinn er sérfræðingur í þessari tilteknu uppsetningu og ferðast um heiminn við að aðstoða við uppsetningu og stjórnar svo öllu heila klabbinu. Með þessu fylgir svo hópur tæknimanna, bæði hljóðtæknimenn og aðrir sem sjá um að koma með myndina og setja allt upp.

> Það þarf að stækka sviðið þannig að ég næ ekki að nýta alla Eldborg því að við þurfum að rúma alveg 230 manns á sviðinu.

„Við sýnum sem sagt The Fellowship of the Ring, fyrstu mynd þríleiksins, núna 25. og 26. ágúst. Þetta verður hljómleikabíó þarna í Eldborg. Þetta hefur verið langur undirbúningur, Þorvaldur Bjarni mun undirbúa sinfóníuna, en síðan kemur erlendur stjórnandi og þetta er auðvitað allt unnið í samvinnu við Warner Brothers. Mesti undirbúningurinn síðustu þrjá mánuðina hefur farið í að sjá hvort þetta sé yfirhöfuð gerlegt og nú er allt nokkurn veginn að verða klappað og klárt. Þetta er örugglega eitt stærsta og viðamesta verk sem hefur verið sett upp í Eldborg frá upphafi, alveg pottþétt.


Peter Jackson leikstýrði Lord of the Rings myndunum.

Sumir taka ekki mikið eftir tónlistinni þegar þeir eru í bíó, eða eru allavega ekki að pæla mikið í henni. En ef hún væri fjarlægð, þá myndi myndin auðvitað vera ansi skrítin. Þessi mynd fékk Óskarinn og tónlistin fékk einnig Óskarsverðlaunin. Því verður enn meira spennandi að sjá þessa frábæru mynd með tónlistina í aðalhlutverki. Það er alveg magnað þegar orkarnir til dæmis koma og karlakórarnir hefja upp dimmar raddirnar og síðan englahljómurinn og asísku áhrifin þegar álfarnir eru í forgrunni og svo framvegis. Ég held að þetta verði algjörlega ný upplifun á þessari frábæru mynd,“ segir Guðbjartur að lokum.

Miðasalan hefst þriðjudaginn næstkomandi, þann 14. febrúar, og mun hún bæði fara fram á tix.is og sömuuleiðs á harpa.is. Sýningin verður svo í lok ágúst.

stefanthor@frettabladid.is

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**frú Ragnheiður Árnadóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 5. febrúar. Útför fer fram mánudaginn 13. febrúar kl. 13.30 í Akureyrarkirkju.

**Snorri Jóhannsson — Maureen Patricia Clark**
**Þórólfur Jóhannsson**
**Guðrún Birgisdóttir — Heimir Bragason**
**Ragnhildur D. Hannesdóttir**
**Birgir Rafn Snorrason**
**Ragnheiður Thelma Snorradóttir**
**Viktor Már Snorrason — Marín Jacobsen**
**Kara Lind Snorradóttir**
**Hannes Heiðar Þórólfsson**
**Eva María Þórólfsdóttir**
**Magnea Rún Thelmudóttir**

---



✝

Þökkum innilega þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,

**Brynhildar Sigurðardóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Eir, 3. h. suður, fyrir einstaka umönnun og hjartagæsku í hennar garð.

**Sigríður Magnúsdóttir**
**Sveinn Brynjar Diego**
**Jóna Diego**
**Elma Björk Diego**
**Arnar Þór Diego**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurþór Jónsson**
vélvirki og fv. framkvæmdastjóri,
Sléttuvegi 13, áður Háaleitisbraut 45,

lést á Landakoti 6. febrúar. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarsjóð Oddfellowa.

**Sigurborg Valgerður Jónsdóttir**
**Garðar Sigurþórsson**
**Sigrún Sigurþórsdóttir — Reynir Guðmundsson**
**Sigurþór Sigurþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Rannveig Margrét Jónsdóttir**
frá Fossi í Staðarsveit,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 20. janúar sl., verður jarðsungin frá Digraneskirkju í Kópavogi mánudaginn 13. febrúar klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningargjafasjóð hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi.

**Guðrún Konný Pálmadóttir — Jón Trausti Markússon**
**Þorvaldur Pálmason — Sigríður Einarsdóttir**
**Konráð Breiðfjörð Pálmason — Marín Sigurgeirsdóttir**
**Rut Hjartardóttir — Jón Magnús Jónsson**
**Hörður Hjartarson — Bára Skæringsdóttir**
**Vilborg Hjartardóttir — Yngvi Harðarson**
**barnabörn og aðrir afkomendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Þórðar Viggós Guðnasonar**
vélsmiðs,
Skógarseli 43, Reykjavík, áður
Álfhólsvegi 22, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar fyrir góða og hlýja umönnun.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
**Tryggvi Þórðarson — Helga Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Lína Margrét Þórðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Guðnason**
Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 7. febrúar sl.

**Helga Mattína Einarsdóttir**
**Áslaug Rósa Ólafsdóttir — Þórarinn H. Harðarson**
**Ása Helga Ólafsdóttir — Benedikt Sigurðsson**
**Einar Magnús Ólafsson — J. Þóra Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Steinunn A. Bjarnason**
dvalarheimilinu Grund,

lést að morgni 7. febrúar 2017. Útför hennar fer fram frá Neskirkju, mánudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

**Dóra S. Bjarnason**
**Inga Bjarnason**
**Ingi Þorleifur Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Salbjörg Olga Þorbergsdóttir**
Súðavík,

sem lést þann 31. janúar sl., verður jarðsungin frá Súðavíkurkirkju laugardaginn 11. febrúar kl. 11.00.

**Kjartan Geir Karlsson**
**Þorlákur Kjartansson — Brynja Guðmundsdóttir**
**Þorbergur Kjartansson — Chayapha Ngarmlert**
**Hafdís Kjartansdóttir — Valgeir Hauksson**
**Karl G. Kjartansson — Guðrún G.E. Long**
**og aðrir ástvinir.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
10. FEBRÚAR 2017 FÖSTUDAGUR



# HEFUR KENNT HEILSURÆKT Í TUTTUGU OG ÁTTA ÁR

Heilbrigður lífsstíll hefur lengi verið **Guðbjörgu Finnsdóttur** hugleikinn. Hún er sannfærð um að hreyfing sé lykill að betra lífi og fólk fái yngri útgáfu af sjálfu sér með því að stunda reglulega heilsurækt. »

Lífsstíll

MYND/ERNIR

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is



» Guðbjörg er mörgum að góðu kunn. Hún hefur kennt líkamsrækt um árabil og hjálpað fjölda manns við að koma sér í gott form. Lengi vel sinnti hún einnig íþróttakennslu í grunnskólum en ákvað að taka stökkið og opna sína eigin líkamsræktarstöð fyrir um fimm árum. Hún kennir meira en tuttugu tíma á viku og hefur í mörg horn á líta en vinnan er líka aðaláhugamálið. „Mín mesta ánægja er að koma fólki uppá að stunda heilbrigðan lífsstíl, fá það til að hreyfa sig reglulega og finna að það sé þess virði að hreyfa sig. Ég get fullyrt að ef fólk hreyfir sig reglulega fær það yngri útgáfu af sjálfu sér eftir ákveðinn tíma. En það þarf að halda fólki við efnið, sýna þrautseigju og gera þetta að lífsstíl,“ segir Guðbjörg.

Hún er frá Sandgerði og strax á unga aldri fékk hún áhuga á íþróttum og almennri hreyfingu. „Segja má að ég hafi alltaf verið íþróttafrík. Handboltinn átti líka hug minn allan og við stelpurnar í liðinu vorum nokkuð góðar. Ég þurfti að koma mér á milli Sandgerðis og Keflavíkur til að mæta á æfingar og gerði það með glöðu geði. Þegar ég var í tíunda bekk var ég farin að þjálfa yngri flokkana,“ segir Guðbjörg sem stefndi alltaf að því að verða íþróttakennari. „Að loknum grunnskóla hóf ég nám við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og þaðan lá leiðin í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni en ég útskrifaðist árið 1989,“ rifjar hún upp.

## JANE FONDA LEIKFIMIN VAR FYRIRMYNDIN

Þegar Guðbjörg hóf nám við Íþróttakennaraskólann kynntist hún fyrst þolþjálfun sem á þeim tíma var nýjung í heilsurækt. „Jane Fonda leikfimin er fyrirmyndin að þessu öllu, blómatími þolþjálfunar var að renna upp og síðan hefur þróunin verið mjög hröð. Pallaleikfimin var líka að ryðja sér til rúms og ekki leið á löngu þar til spinning kom fram á sjónarsviðið. Síðan þá hafa bæst við fjölmargar nýjungar á þessu sviði,“ segir Guðbjörg.

Eftir útskrift starfaði hún sem íþróttakennari í grunnskóla og þolfimikennari á heilsuræktarstöð í Keflavík. Fljótlega réð hún sig svo sem þolfimikennara hjá Ágústu Johnson í Hreyfingu og vann þar í hartnær tvo áratugi. „Fyrir fimm árum ákvað ég síðan að breyta til og verða minn eigin herra. Mér fannst ég skulda sjálfri mér að prófa að vera sjálfstæð eftir öll þessi ár. Mig langaði að opna mína eigin heilsuræktarstöð þar sem ég gæti verið í góðri tengingu við viðskipavinina og setti á stofn G-fit í Garðabæ. Stöðin er orðin hálfgerð félagsmiðstöð kvenna í bænum en ég reyni að halda vel utan um mína viðskiptavini og fylgist með að þeir mæti reglulega. Ef ég sé fólk ekki í dálítinn tíma sendi ég því góðlátlegan tölvupóst,“ segir Guðbjörg og viðurkennir að hún þurfi að senda sumum póst oftar en öðrum. „En ég fæ aldrei neitt annað en jákvæð svör. Fólk kann vel að meta persónulega pósta. Ég hef líka fengið manneskjur til mín sem segjast aðeins hafa úthald í að æfa í tvo mánuði en þá gefist þær iðulega upp og hætti. Ég lít á það sem áskorun og segi iðulega að viðkomandi sé bara búinn að ákveða þetta og er þá sérstaklega duglegg við að fylgja honum eftir. Það er síðan sérlega ánægjulegt ef viðkomandi heldur áfram.“



Fjölskyldan á góðri stundu. Kjartan Haukur, Kjartan Már, Guðrún Ísabella, Fríða Sylvía og Guðbjörg.



Guðbjörg kennir leikfimi í hádeginu við Háskóla Íslands og hefur gaman af. MYND/ERNIR

## FÁTT Í FAGINU SEM KEMUR Á ÓVART

Um tíma kenndi Guðbjörg íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík og fannst það góð reynsla. „Núna sé ég um karla- og kvennaleikfimi í hádeginu við Háskóla Íslands. Valdimar Örnólfsson sinnti þessari kennslu í tuttugu og fimm ár og Margrét Jónsdóttir sömuleiðis. Ég hef haft þetta í mínum höndum í 4 ár svo ég á nóg eftir. Alls hef ég unnið í þessum geira í tuttugu og átta ár. Ég skil ekki hvernig svona ung manneskja eins og ég hefur getað verið svona lengi í þessu fagi,“ segir Guðbjörg en fátt sem kemur henni á óvart. Hún fylgist vel með nýjungum í gegnum netið og fer á námskeið reglulega. „Netið er ótrúlega góð leið til að fylgjast vel með. Ég sæki námskeið en þegar maður hefur verið svona lengi í faginu er það meira eins og vítamínsprauta fyrir mig. Það er nauðsynlegt að vera frjór í hugsun og láta ekki aðra sérfræðinga segja sér hvernig nýjar æfingar eru búnar til. Ég hef gaman af þessu og það er alltaf eitthvað að gerast í kollinum á mér, eins og að finna nýjar útgáfur af sömu æfingunum,“ segir Guðbjörg.



„Áhugamál okkar hjónanna er að hlaupa saman á sumrin og Reykjavíkurmaraþonið er fastur punktur hjá okkur.“



Guðbjörg hefur mikið yndi af því að sauma og grúskar gjarnan í uppskriftum og skoðar textíl.

## SKYNSEMIN AÐ LEIÐARLJÓSI

„Í gegnum tíðina hef ég passað að gleypa ekki við öllum tískustraumum heldur haft skynsemina að leiðarljósi og reynt að halda mig á faglegu hliðinni. Íslendingar eru nýjungagjarnir og margir halda að það allra nýjasta sé einmitt það besta en ég hef haldið mig við grunninn. Nýjungar geta verið til góðs en öfgarnar hafa aukist. Almenningur er farinn að hreyfa sig meira en um leið eru æfingar sem líkaminn þolir illa orðnar meira áberandi. Sumar þessara æfinga voru lengi bannæfingar, þ.e. þær voru ekki kenndar í tímum þar sem fólk á mismunandi aldri og í misgóðu formi er saman komið. Í dag eru margar af þessum bannæfingum notaðar í hóptímum en þjálfarar mega ekki gleyma að þeir eru kannski með fjörutíu manns í tíma hjá sér og þeir bera ábyrgð á þeim öllum í tímanum. Ég held þetta sé ekki rétta leiðin. Það er auðvitað gaman að vera í hóp og fá hvatningu en æfingar þurfa að vera innan skynsamlegra marka.“

## HEIMAKÆR HLAUPARI

Þegar Guðbjörg er ekki að kenna finnst henni best að vera heima í rólegheitum. Hún saumar mikið á saumavél og segir það sína hugleiðslu. „Hugleiðslunni næ ég líka í sundlauginni en ég tek mér alltaf tíma til þess að komast í laugina og fer þar í kalda pottinn. Ég er sannfærð um að þessi meðferð geri líkamanum gott.“

Guðbjörg er gift Kjartani Hauki Kjartanssyni og þau eiga þrjú börn, sextán og fjórtán ára dætur og tíu ára son. Henni finnst gaman að gera eitthvað með fjölskyldunni og oft er það tengt hreyfingu af einhverju tagi. „Áhugamál okkar hjónanna er að hlaupa saman á sumrin og Reykjavíkurmaraþonið er fastur punktur hjá okkur. Ég held mig yfirleitt við styttri vegalengdir en draumurinn er að safna nokkrum maraþonhlaupum í ólíkum löndum. Það er þetta frelsi sem heillar mig, sú tilfinning að hlaupa úti í náttúrunni er yndislega góð. Þegar við förum til útlanda tökum við hlaupaskóna alltaf með. Hlaup eru skemmtileg leið til að kynnast nýjum stöðum en það þarf að passa að rata til baka,“ segir Guðbjörg.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



ÚTI AÐ AKA
NÝTT ÍSLANDSMET Í HLÁTRI!
TAXI
HILMAR GUÐJÓNSSON &
ELMA STEFANÍA ÁGÚSTSDÓTTIR
HALLDÓRA
GEIRHARÐSDÓTTIR
ILMUR
KRISTJÁNSDÓTTIR
LJÚFFENGT
LEIKHÚSKVÖLD
Kynntu þér nýjan smáréttaseðil
á borgarleikhus.is
HILMIR SNÆR GUÐNASON
FORSALA Í FULLUM GANGI!
FRUMSÝNING LAUGARDAGINN 4. MARS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
MIÐASALA | BORGARLEIKHUS.IS
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
Borgarleikhúsið

# VIEW-MASTER Í STAÐ ÞRÍVÍDDAR

Stockholm Design Week stendur sem hæst. Hönnunarmiðstöð Íslands tekur þátt í þriðja sinn en er í fyrsta skipti partur af Stockholm Furniture Fair. Lögð er áhersla á að kynna HönnunarMars og gefa þannig innsýn í íslenska hönnun. HAF studio hannaði sýningarbás þar sem kennir margra grasa. Gömlu View-Master vélarnar gegna stóru hlutverki.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



„Við skiptum básnum upp í fimm svæði og erum að vinna með fimm orð; Come, Enjoy, Talk, See og Unite. Á hverju svæði eru valdir munir til sýnis sem tengjast hverjum flokki. Í Come-flokknum sýnum við föt og fylgihluti og í Enjoy-flokknum tökum við á íslenskri baðmenningu og mat. Talkflokknum tilheyra fyrirlestrar og í See-flokknum eru ýmsir munir fyrir augað. Í Unite erum við svo að fjalla um íslenska hluti sem eru framleiddir erlendis,“ útskýrir vöruhönnuðurinn Hafsteinn Júlíusson sem rekur HAF studio ásamt Karitas Sveinsdóttur.

„Á hverju svæði erum við líka með View-Master vél þar sem hægt er að virða fyrir sér úrval mynda af íslenskri hönnun sem hefur verið til sýnis á HönnunarMars í gegnum tíðina. Þær hafa vakið sérstaka athygli og hefur þurft að kenna yngstu gestunum, sem þekkja ekki annað en snjallsíma og spjaldtölvur, á þetta fyrirbæri sem hvert mannsbarn þekkti hér á árum áður,“ segir Hafsteinn. Að hans mati eru þessar gömlu vélar skemmtilegt mótvægi við þrívíðan sýndarveruleikann allt í kring.

Stockholm Design Week er stærsta hönnunarmessa sem haldin er á Norðurlöndunum. „Litli HönnunarMars kemur svo inn á milli hennar og hönnunarmessunnar í Mílanó sem haldin er í apríl,“ segir Hafsteinn. „Yfirskriftin hjá okkur er „The Biggest Design Festival in the World“ og svo er lítil stjarna og neðanmáls stendur „Per Capita“,“ bætir hann við.

„Það kom hérna hneykslaður ítalskur blaðamaður og benti okkur á að stærsta hönnunarhátíð í heimi væri reyndar haldin í Mílanó. Honum hafði yfirsést stjarnan,“ skýtur Ólöf Rut Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð Íslands, inn í og hlær.

Hafsteinn segir samstarf Hönnunarmiðstöðvar og HAF studio hafa gengið vel. Hann segir það þó hafa verið krefjandi að velja hluti til að sýna. „Við gengum út frá því að sýna mikla breidd en um leið að láta allt passa vel saman.“

HAF studio tekur að sér fjölbreytt verkefni og hefur komið að innanhússhönnun hinna ýmsu fyrirtækja. „Við höfum líka tekið þátt í fjölda sýninga ásamt því að hanna okkar eigin vörur. Þá erum við farin að undirbúa HönnunarMars en þar munum við sýna brot af því besta frá undanförnum árum en þó eingöngu hluti sem eru framleiddir á Íslandi.“




**Hönnunarmiðstöð Íslands og HAF studio hafa haft veg og vanda af sýningunni.**




HEILSA OG FEGURÐ

**Föstudaginn 24. febrúar mun lífsstíls blaðið Heilsa & fegurð fylgja Fréttablaðinu.**

Stórglæsilegt magasín blað byggt upp með skemmtilegum viðtölum, fjölbreyttum fróðleiksmolum og áhugaverðum greinum.

- Áhugaverð umfjöllun um sjálfsstyrkingu, ræktun andlegrar heilsu og vellíðan.
- Gagnleg og góð ráð förðunar- og snyrtifræðings. M.a. spjallað um vor/sumar tískuna í förðun.
- Hollar lífsstílsvenjur, svo sem betri svefn, góð vítmín og bætefni.
- Hvernig má með einföldum æfingum draga úr stirðleika og vöðvabólgu.
- Leitað til húðsérfræðings sem bendir á hvaða matur hefur góð áhrif á húðina og hvað ber að forðast.
- Viðtal við einkaþjálfara sem gefur lesendum ráð matar- & hreyfingarplan.

**Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við Ólaf H. Hákonarson á auglýsingadeild Fréttablaðsins. Netfang er olafurh@365.is og beinn sími er 512 5433**



**Hafsteinn mundar hér eina af fimm Veiw-Master vélum sýningarinnar. Þær hafa að geyma valdar myndir frá HönnunarMars í gegnum árin.**








**Hægt er að skoða tíu myndir í hverri vél. Að sögn Hafsteins eru þær skemmtilegt mótvægi við þrívíðan sýndarveruleikann allt í kring. Yngstu gestir hátíðarinnar hafa sumir hverjir aldrei séð svona tæki.**

10. - 12. FEBRÚAR

# ÚTSALA

## 20-50% AFSLÁTTUR

## AUKA ÓL FRÍTT MEÐ ÖLLUM PÖNTUNUM











24 ICELAND

KRÓKHÁLS 6 WWW.24ICELAND.IS

# Á SLÓÐUM SKAM Í ÓSLÓ

Norski unglingaþátturinn **Skam** (Skömm) hefur aldeilis fallið í kramið hjá áhorfendum. Í þáttunum er fjallað um fimm táningsstúlkur í Ósló, vináttu þeirra, samskipti kynjanna og fleira. En hvernig væri að heimsækja Ósló og skoða staðina þar sem þættirnir gerast?

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Samfara vinsældum þáttanna fyrir utan Noreg eykst áhugi áhorfendanna á Ósló. Forráðamenn Hartvig Nissens skólans verða fyrir talsverðu áreiti vegna erlendra ferðamanna en skólinn er í stóru hlutverki í þáttunum. Skólastjórinn, Hanna Norum Eliassen, hefur þurft að vísa fólki út úr skólanum vegna þess að það truflar kennslu. „Það er allt í góðu að skoða skólabygginguna að utanverðu en við getum ekki fyllt skólann af ferðamönnum,“ segir Hanna í samtali við sænska blaðið Expressen.

Serían hefur slegið rækilega í gegn og Svíar fjölmenna til Óslóar til að skoða staðhætti úr Skam. „Skólinn er opinber bygging svo fólki er heimilt að taka myndir hér fyrir utan,“ segir Hanna. Einn leikaranna sem nefnist Ísak í þáttunum gengur í þennan skóla í raunveruleikanum svo ef aðdáendur eru heppnir gætu þeir rekist á hann. Hartvig Nissens skólinn er á Niels Juels gate 56.

### RAUNVERULEIKI EÐA EKKI

Leikkonan Josefine Frida Pettersen sem leikur Nooru í þáttunum var gestur hjá spjallþáttastjórnandanum Skavlan þar sem hún sagði frá skemmtilegri uppákomu úr eigin lífi. Leikararnir fá mikla athygli í einkalífinu vegna þáttanna. Josefine fór út að skemmta sér með vinum sínum. „Ég fékk mér glas á bar og settist niður með vinum mínum. Þá kom dyravörður og sagði ábúðarmikill: „Má ég sjá skilríkin þín?“ Ég sýndi þau en hann sagði: „Þetta eru fölsuð skilríki.“ Ég reyndi að útskýra að þetta væri ég og að ég væri orðin tvítug. Þá leit hann á mig og svaraði: „Helurðu að ég þekki þig ekki? Þú ert Noora og ert bara sextán ára.“ Að því búnu hótaði hann að hringja á lögregluna.



Josefine Frida Pettersen sem leikur Nooru í þáttunum. Fólk ruglast oft á persónunni í þáttunum og leikkonunni.

„Viltu ekki bara gúggla mig frekar?“ sagði leikkonan og dyravörðurinn sannfærðist loks.

### AUKINN FERÐAMANNASTRAUMUR

Á meðal staða sem sjást oft í þáttunum er til dæmi Beierbru í Ósló. Þar hanga Noora og vinir hennar. Til að komast á þennan stað er best að taka sporvagninn til Biermanns gate og labba þaðan að brúnni. St. Hanshaugen-garðurinn er þar sem Noora og William rifust eftir að hann slengdi flösku í gaur úr Yakuza-genginu. St. Hanshaugen er einn stærsti skemmtigarðurinn í Ósló. Þar er þekkt sumarkaffihús sem nefnist Festplassen.

Íbúðin sem Noora, Linn, Eskild og Ísak leigja saman er raunveruleg. Starfsmaður NRK sem kemur að þáttunum hefur búið í íbúðinni. Innanstokksmunir tilheyra raunverulegum íbúum. Íbúðin er við Deichmans gate 5.

Íbúðin sem William býr í er ekki langt frá miðbænum í Ósló og Aker Brygge. Gatan heitir Observatoriegata 14. Noora fór í partí þangað eftir að hafa fengið sms frá Evu.

Ef þú vilt gista á sama hóteli og Ísak og Even bókuðu sig inn á þá er það Radisson Blu Plaza að Sonja Henies plass 3.

Þeir sem fylgjast með þáttunum kannast við þessa staði. Unglingarnir í Skam hafa mikil áhrif á norræna krakka sem keppast við að læra norsku. Þegar fyrsti þáttur í nýrri seríu var sýndur nýlega hjá danska sjónvarpinu DR voru áhorfendur 560 þúsund. Þar með var slegið met í áhorfi á einstakan þátt í Danmörku.

Skam-þáttaröðin hlaut í desember Norrænu tungumálaverðlaunin fyrir að auka áhuga skandinavískra unglinga á norsku. Nú er verið að undirbúa bandaríska útgáfu af þáttunum.




Á kortinu má sjá staði þar sem eitt og annað gerist í Skam. Gott er að hafa kortið með ef fólk vill heimsækja Skam-staði í Ósló. Enginn má fara inn á einkalóðir en allt í góðu að skoða byggingar að utan. Skoða má kortið á vefslóðinni http://www.visitoslo.com/no/artikler/skam/

Hér að neðan eru númerin útskýrð.

1. Hartvig Nissens skólinn er til húsa við Juels gate 56 í Frogner-hverfinu í Ósló.
2. Sporvagnastöðin í Briskeby þar sem Eva og Jonas verða vinir aftur.
3. Skautasvellið í Gamlebyen þar sem Jonas og Ísak fara á skauta.
4. Húsið þar sem Noora, Eskild, Linn og Ísak búa.
5. Heimili Williams við Observatoriegata 14 í Vika.
6. Fyrsta stefnumót Williams og Nooru var á Ekeberg.
7. Fyrsti koss Nooru og Williams var á Beier-brúnni.
8. Rifrildi milli Nooru og Williams átti sér stað á St. Hanshaugen.
9. Þegar Noora útskýrir fyrir Vilde að hún sé skotin í William standa þær á toppnum á St. Hanshaugen.
10. Barinn Forest & Brown á Juels gate 31 í Frogner-hverfinu.
11. Lögreglustöðin í Grønland þar sem Noora beið eftir William þegar hann var yfirheyrður.
12. Bislett Kebab þar sem strákarnir kaupa sér kebab.
13. Kaffihúsið Kaffebrenneriet í Skovveien þar sem Ísak bíður eftir Even.
14. Hótel Radisson Blu Plaza þar sem Ísak og Even leigðu svítu.
15. Svæðið við hótelið þar sem Ísak leitaði að Even eftir að hann hljóp nakinn út.
16. Sagena-kirkjan þar sem Ísak fór á jólatónleika með foreldrum sínum.



Vinkonurnar fimm í Skam hafa heillað unglinga á Norðurlöndum.



# STYTTIST Í TÓNLISTARHÁTÍÐINA SÓNAR

Tónlistarhátíðin Sónar hefst í næstu viku í Hörpu í Reykjavík. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin hér á landi en hún er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem einn af stærstu tónlistarviðburðum ársins. Takmarkað framboð miða er í boði og því fer hver að verða síðastur til að tryggja sér passa inn á hátíðina sem hefst fimmtudaginn 16. febrúar og lýkur laugardaginn 18. febrúar.

Að venju er listinn yfir þá tónlistarmenn sem koma fram á Sónar glæsilegur en á honum eru þekktir erlendir og innlendir listamenn. Stærstu erlendu nöfnin í ár eru bandaríska hipphoppsveitin De La Soul, breski tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Fatboy Slim og þýska elektróbandið Moderat. Auk þeirra koma fram m.a. Ben Klock, Sleigh Bells, Tommy Genesis og B.Straits.




Meðal innlendra flytjenda má nefna Emmsjé Gauta, Glowie, GKR, Samaris, Sturlu Atlas, Aron Can og GusGus. Auk þess mun Örvar Smárason, meðlimur múm og FM Belfast, koma fram á sínum fyrstu tónleikum sem sólólistamaður.

Sónar fer fram á fjórum sviðum í Hörpu: SónarClub (Silfurbergi), SónarHall (Norðurljósum), SónarComplex (Kaldalóni) auk þess sem búið verður að breyta bílakjallara Hörpu í næturklúbb undir merkjum SonarLab.

Miðasala fer fram á midi.is og er enn hægt að tryggja sér miða. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á sonarreykjavik.com.



# Lífsstíll

## Bjarna Snæbjörnssonar



Bjarni Snæbjörnsson leikari leikur um þessar mundir í verkinu Nunó og Júníu með Leikfélagi Akureyrar. Hann stenst ekki kökur og er búinn að sjá La La Land tvisvar.

**Morgunmaturinn?** Best finnst mér að byrja daginn á góðu heimatilbúnu gourmet-bústi.
**Líkamsræktin?** Í Reykjavík hef ég verið í Bootcamp í 9 ár sem er mesta snilld sem til er. Þar sem ég bý á Akureyri núna er ég með einkaþjálfara tvisvar í viku og reyni að fara samtals 5-6 sinnum í ræktina.
**Ertu með í meistaramánuði?** Neibb. Finnst betra að gera litlar lífsstílsbreytingar fyrir ævina frekar en bara í einn mánuð.
**Hvers konar freistingar stenstu ekki?** Kökur, osta og sultu. Namm, namm.
**Afslappelsið?** Heitir pottar, hanga með vinum, lesa, komast út í náttúruna.
**Bókin á náttborðinu?** Hard-Boiled Wonderland and the End of the World eftir Murakami.
**Tónlistin í eyrunum?** Tónlistin úr La La Land og svo öll sú æðislega tónlist sem Dominique, meðleigjandi minn, ber á borð fyrir mig.
**Hvað sástu síðast í bíó?** La La Land ... tvisvar.
**Hvað sástu síðast í leikhúsi?** Njálu í Borgarleikhúsinu.
**Hvað er annars að frétta?** Bara allt hið besta. Bý á Akureyri þessi misserin því ég er að leika hjá Leikfélagi Akureyrar í glænýju og spennandi fjölskylduverki sem heitir Núnó og Júnía. Frumsýning er 18. febrúar. Svo er ég líka í sýningarhóp Improv Ísland og á æðislega vini og fjölskyldu. Svo hef ég einnig í mig og á. Hvað meira er hægt að biðja um?




# Ný TT námskeið að hefjast
*innritun hafin*

fundur fyrir alla TT hópa **19. febrúar kl. 16:30** ☺

**TT-1 námskeiðin** okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum hvorki skyndilausnir né sveltikúra, heldur raunhæfar leiðir til að lifa góðu lífi.

**TT-3 námskeiðin** okkar eru fyrir 16-25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans ásamt þekkingunni sem við höfum byggt upp af því að veita konum sambærilega þjónustu í gegnum tíðina.

*Komdu, við kunnum þetta!*

**Innritun stendur yfir í síma 581 3730. Nánari upplýsingar á jsb.is**

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Kynntu þér fjölbreytt úrval af námskeiðum og opnum tímum á jsb.is

**Mótun BM**
Áhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir kvið, rass- og lærvöðva.

**Einkaþjálfun**
Þjálfarar JSB eru fagmenn og vita nákvæmlega hvað þarf til að ná settum markmiðum og aðstoða við aðhald ef þess er óskað.

**Fit Form 60+**
Alhliða líkamsrækt sem stuðlar að auknu þreki, þoli, liðleika og frábærri líðan.

**Opna kerfið 1-2-3**
Bjóðum röð af 30 mínútna krefjandi tímum í opna kerfinu.

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is**

# GLAMOUR

*Glæsilegasta tískutímarit landsins*




**GLAMOUR** fylgir nú
með *Stóra- og Risapakka*
*Stöðvar2*




Kynntu þér málið á 365.is 365




Navy-blár fer flestum vel.

# SVART FER EKKI ÖLLUM

Svartur er einn allra vinsælasti fatalitur sem um getur og nær allir þekkja það að freistast til að velja svartar flíkur fremur en aðrar úti í búð. Það er þó ekki endilega þar með sagt að svarti liturinn geri mest fyrir útlitið.



Svartur er vissulega klassískur litur sem passar við flest. Hann er sparilegur og auðvelt að poppa hann upp með skarti og fylgihlutum. Það er hins vegar ekki þar með sagt að hann fari öllum. Að minnsta kosti ekki ef marka má ameríska litasérfræðinginn Kate Smith hjá Sensational Color. Kate er vel þekkt á sínu sviði og veitir ráðgjöf við litaval á heimilum og í fyrirtækjum víðsvegar um heim. Hún veitir sömuleiðis leiðsögn varðandi fataval.

